

Fundargerð 7.

Fundur Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Mánudagur 23.okt 2023

Fundartími: kl:19:30 Fundarritari: Harpa Magnúsdóttir

Fundarmenn: Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Harpa Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Sigurðsson, (Agnes Ösp Birgisdóttir forfallast) Hafdís Gígja Björnsdóttir (varamaður)

Vegna aðventutónleika / Jólatónleika: Berglind Björk Guðnadóttir

1. Aðventutónleikar

Allir flytjendur eru að vinna í sínum atriðum, rætt um að hafa kaffi, kakó og piparkökur og hafa veitingar innfaldar í verði á miða. Ákveðið að halda tónleikana í Þingborg. Komin 11 atriði flest frá sveitungum, meðal annars frá flestum skólastigum. Sveinn Orri Einarsson verður kynnrir. Stefnt á að húsið opni 19.00 og byrja 19.30. Þá er dagskráin aldrei búin seinna en 21.00/21.30. Hugmynd um að taka þetta upp, ákveðið að skoða hvort það sé verkefni fyrir eldri bekkir skólans. Rætt um að senda tilkynningu á Útvarp Suðurland. Hafdís Gígja talar við Gumma um að skoða hljóðkerfi. Rætt um að fá jólasvein í heimsókn. Skoða hvort hægt væri að fá húsið á miðvikudaginum til að skreyta og hafa general prufu. Útfærsla á pöntunum/greiðslu fyrirfram skoða með sveitarstjóra/skrifstofu. Ákveðið að nafn viðburðarinnis sé Aðventukvöld Flóahrepps. Berglind athugar með ristaðar möndlur/eldstæði.

2. Ungmennaráðstefna, ungmennaráðinu stendur til boða að mæta á ungmennaráðstefnu í Hörpunni, ýtt verður á ungmennaráð að mæta. Eins að koma af stað opnum húsum fyrir þennan aldurshóp.

3. Kornskurðarball uppgjör.

Verður gengið í það sem fyrst að klára það, búið að skila öllum vörum.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs

Fjör í Flóa. Fyrstu helgina í júní 31/5-1/6 Búið að bóka húsið. Sigggi skoðar að koma með torfærubíl/a. Ákveðið að hafa betra slútt eftir gönguna á föstudagskvöldinu, og sleppa kvöldvökunni á laugardagskvöldinu. Fjárhagsáætlun verður kostnaðar þessa árs með hækkun, en leitast verður við að dreifa nýtingunni á fjármununum á að minnsta kosti 3 viðburði á árinu.

5. Áætlaðir fundartímar 2024,

1. Fundur jan/feb
2. Fundur Apríl
3. Fundur Maí
4. Fundur Júlí
5. Fundur Sept
6. Fundur Nóv

6. Bjartur lífsstíll fyrir 60+

www.bjartlif.is Sigrún Hrefna fór á ráðstefnu í morgun og vakti athygli allra á að skoða hana.

7. Fjör í Flóa Var rætt undir öðrum málum. Verður rætt betur á næsta fundi!

sn

Fundi slitið 22.05